



Fornleifaskráning

vegna deiliskipulags í landi Innri
Njarðvíkur, Gullbringusýslu
5. áfangi



Bjarni F. Einarsson
2006

Forsíðumyndin sýnir fornleifar nr. 138, Hákovsvör. Horft til NNV. Ljósm.
B.F.E.

FORNLEIFAFRÆÐISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Reykjanesbæ
September 2006

Inngangur

Að beiðni Reykjanesbæjar kannaði Fornleifafræðistofan svæði í Innri Njarðvík vegna deiliskipulags á svæðinu. Þegar hafa nokkur svæði verið skoðuð í Innri Njarðvík með tilliti til fornleifa sbr. skýrslur þar um (áfangi I - IV). Í þessum fimmta áfanga var svæði yst á Hákotstanga kannað á vettvangi.


Farið var í gegnum nokkrar heimildir svo sem Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, Örnefnaskrá, Friðlýsingarskrá og Sögu Njarðvíkur.

Vettvangsvinna fór fram þann 22. september síðastliðinn. Hver staður fékk eitt númer og fornleifar á viðkomandi stað, einar eða fleiri, fengu sitt undirnúmer. Þannig getur einn staður geymt einar eða fleiri fornleifar. Haldið var áfram að gefa hlaupandi númer.

Utan við hið kannaða svæði varð vart fornleifa sem ekki voru skráðar. Skipuleggjendur svæðisins eru Kanon arkitektar ehf, en verkkaupi Reykjanesbær.

Í ágætu ástandi var einn staður, hinir tveir í sæmilegu annarsvegar og lélegu hinsvegar.

Einn staður var talinn í mikilli hættu vegna fyrirhugaðra og yfirstandandi byggingaframkvæmda, annar staður í mikilli hættu vegna fyrirhugaðra byggingaframkvæmda og sá þriðji í lítilli hættu af sömu ástæðum.



Mynd 2. Loftmynd af hinu kannaða svæði 5. áfanga í Innri Njarðvík með fornleifum. Rauða línan sýnir hina gömlu þjóðleið (strikuð lína er áætluð). Hvítir hringir sýna óskráðar fornleifar. X á myndinni (tveir staðir) sýna hugsanlegar fornleifar. Ljós. Loftmyndir ehf. Viðbætur BFE.

Nr.	Teg.	Fj.	Hættumat	Hættu	Ástand	Aldur	Varðveislugildi	Minjagildi	Fríðlýst
137	Vör	1	Byggingar	Talsverð	Sæm.	1550-1900	Lítið	Lítið	Nei
138	Vör	1	Byggingar	Lítil	Ágætt	1550-1900	Talsvert	Talsvert	Nei
139:1-2									
139:1	Rústir	>1	Byggingar	Mikil	Lélegt	1550-1900	Talsvert	Talsvert	Nei
139:2	Rúst	1	Byggingar	Mikil	Lélegt	1900-	Ekkert	Ekkert	Nei
3 staðir		>4 fornleifar							

Tafla yfir hinar skráðu fornleifar. (sjá nánar fornleifaskrá).

Verði ekki hægt að tryggja öryggi minjanna þarf leyfi Fornleifaverndar ríkisins til að raska þeim og hlýta þeim skilmálum sem embættið kann að setja. Þetta á þó ekki við um minjar nr. 139:2 sé aldurgreining þeirra rétt. Þar þarf ekkert leyfi.

Allar minjarnar eru taldar vera frá tímabilinu 1550 – 1900 nema rúst nr. 139:2 sem virðist ekki ýkja gömul.

Sérstaklega skal bent á að á tveimur stöðum eru taldar nokkrar líkur á því að fornleifar finnist í jörðu. Þeir eru merktir með X á mynd 1 og 2. Ekki var um nægilega skýr ummerki að ræða til að staðirnir yrðu skráðir. Verði jarðrask á þessum stöðum er mælt með framkvæmdaefirliti, en þá er átt við að fornleifafræðingur verði viðstaddur þegar það hefst.

Skv. 12 gr. þjóðminjalaga er öllum gert skylt að gera Fornleifavernd ríkisins viðvart ef fornleifar liggja undir skemmdum. Eins er öllum þeim sem finna áður óþekktar fornleifar skylt skv. 13. gr. laganna að skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum eins fljótt sem unnt er. Sömuleiðis er skylt skv. 18. gr. laganna að tilkynna Fornleifavernd ríkisins svo fljótt sem við verður komið þegar gripir (forngripir) finnast í jörðu (þjóðminjalög 2001). Með þessari skýrslu er þessum skyldum fullnægt.

Niðurstaða

Alls fundust þrír staðir með fleiri en fjórum fornleifum eða minjum á svæði því sem kannað var nú í 5. áfanga sbr. mynd 1 og 2.

Ef mikilvægt reynist að farga þeim fornleifum sem hafa lítið minja- og varðveislugildi ætti mótvægisáðgerða ekki að vera flóknar eða miklar. Leyta þarf þó leyfis Fornleifaverndar ríkisins til þessa og sæta settum skilmálum embættisins.

Öðru máli gegnir um þær fornleifar sem taldar eru hafa talsvert minja- og/eða varðveislugildi, þær þarf að rannsaka sé ekki hægt að tryggja öryggi þeirra.

Mælt er með framkvæmdaefirliti á tveimur stöðum komi til jarðraskt á þeim.

Varast ber að hafa vinnuskúra eða önnur mannvirki of nálægt fornleifum og haga akstri þungavinnuvéla og annara ökutækja með tilliti til fornleifa. Væntanlega vegi ber að setja niður með tilliti til fornleifanna.

Þó fornleifarnar sem nú voru skráðar teljist ekki mjög merkilegar þá eru varirnar tvær þó altént minjar um sjósókn sem hugsanlega var forsenda hinna mörgu kotbýla sem þarna voru á sínum tíma. Urmull vara hafa horfið í þéttbýli eða brim á undanförunum árum og ef fram heldur sem horfir munu þær allar hverfa innan skamms.

Heimildir

- Fornleifaskrá*. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd – Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*. Þriðja bindi. Kaupmannahöfn 1923-1924.
- Kristján Sveinsson. *Saga Njarðvíkur*. Þjóðsaga ehf. Reykjavík 1996.
- Þjóðminjalög* nr. 107, 20 maí 2001. Þingskjal 1490, 126.
- Örnefnaskrá. Innri Njarðvík. Handrit. Örnefnastofnun.

Fylgiskjal:

- Fornleifaskrá Reykjanesbæjar nr. 137 – 139:1-2.

Fornleifaskrá

Aðalnr.

137

Sýsla

Gullbringusýsla

Sveitarfélag

Reykjanesbær

Tákntala

2200

Landareign

Innri Njarðvíkur

Nr

Heiti

Njarðvíkurvarir

Undirnr.

1

Staðfræðikort

GPS Staðsetning

N 63°58.50.0 W 22°31.01.4

Viðmiðun

WGS 84

M.y. sjó

Skekkja

5

Tegund minja

Vör

Tilgáta/Niðurstaða

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Merkja?

Nei

Byggingar

Talsverð

Sæmilegt

1550-1900

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

22.09.2006

Varðveislugildi

Lítið

Minjagildi

Lítið

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

Lega og staðhættir

Fast vestan við sjóvarnargarð (nýlegan), um 40 m vestan við fiskverkunarhús. Í grýttri fjöru.

Heimildir og munnmæli

Kristján Sveinsson. *Saga Njarðvíkur*. Reykjavík 1996.

Örnefnaskrá. Innri-Njarðvíkur. Handrit. Örnefnastofnun Íslands.

Lýsing

Vör.

Vörin er um 4 - 6 m breið og snýr VNV - ASA. Hún er að mestu leyti laus við stórgrýti. Mikill sjóvarnargarður hefur verið byggður austan við vörina og nær hann yfir syðsta hluta hennar. Vörin hefur verið hreinsuð af stórgrýti þegar hún var í notkun.

Mikill þari er í og við vörina.

Örnefnið Njarðvíkurvarir á greinilega við um fleiri varir sem þarna hafa verið (sjá má eina fjær á efri myndinni). Samkvæmt Sögu Njarðvíkur voru þær tvær, Suður- og Norðurvör (1996:20).

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Fuji FinePix 7000

Athugasemdir

Gæta þarf þess að spilla vörinni ekki frekar og helst að færa sjóvarnargarðinn dálítið til austurs, nema að leyfi hafi verið fengið til að byggja hann á núverandi stað.

Fornleifaskrá

Aðalnr.

138

Sýsla

Gullbringusýsla

Sveitarfélag

Reykjanesbær

Tákntala

2200

Landareign

Innri Njarðvík

Nr

Heiti

Hákotsvör

Undirnr.

1

Staðfræðikort

GPS Staðsetning

N 63°58.54.9 W 22°30.51.2

Viðmiðun

WGS 84

M.y. sjó

Skekkja

6

Tegund minja

Vör

Tilgáta/Niðurstaða

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Merkja?

Nei

Byggingar

Lítill

Ágætt

1550-1900

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

22.09.2006

Varðveislugildi

Talsvert

Minjagildi

Talsvert

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

Lega og staðhættir

Yst á Hákotstanga, nánast beint vestur af Hákoti. Í grýttri fjöru.

Heimildir og munnmæli

Kristján Sveinsson. *Saga Njarðvíkur*. Reykjavík 1996.

Örnefnaskrá. Innri-Njarðvíkur. Handrit. Örnefnastofnun Íslands.

Lýsing**Vör.**

Vörin er um 6 - 7 m breið og snýr NV - SA. Hún er að mestu leyti laus við stórgrýti. Beygja er á vörinni yst dálítið til vesturs.

Vörin hefur verið hreinsuð af stórgrýti þegar hún var í notkun.

Mikill þari er í og við vörina.

Teikning/ljósmyndLjósmynd

Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Fuju FinePix 7000

Athugasemdir

Gæta þarf þess að spilla vörinni ekki á nokkurn hátt við fyrirhugaðar framkvæmdir.

Fornleifaskrá

Aðalnr.

139

Sýsla

Gullbringusýsla

Sveitarfélag

Reykjanesbær

Tákntala

2200

Landareign

Innri Njarðvík

Nr

Heiti

Hákot

Undirnr.

1

Staðfræðikort

GPS Staðsetning

N 63°58.52.8 W 22°30.49.2

Viðmiðun

WGS 84

M.y. sjó

Skekka

5

Tegund minja

Rústir

Tilgáta/Niðurstaða

Bær og útihús

Fjöldi

>1

Hættumat

Byggingar

Hætta

Mikil

Ástand

Lélegt

Aldur

1550-1900

Í eyði

Tímab. hættumat

Byggingar

Tímab. hætta

Mikil

Merkja?

Nei

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

22.09.2006

Varðveislugildi

Talsvert

Minjagildi

Talsvert

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

Lega og staðhættir

Austan, norðan og vestan við núverandi íbúðarhús við Njarðvíkurbraut 58 (Hákot).

Heimildir og munnmæli

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Kaupmannahöfn 1923-1924. Kristján Sveinsson. *Saga Njarðvíkur*. Reykjavík 1996. Örnefnaskrá. Innri-Njarðvíkur. Handrit. Örnefnastofnun Íslands.

Lýsing

Rústir.

Á um 18 x 20 m stóru svæði (A - V) norðan við núverandi íbúðarhús og nokkuð minna svæði austan við það, auk afgirts túns vestan megin um 15 x 32 m (N - S).

Svæðið er mjög gróið grasi og sinu og nær ógerningur að gera sér grein fyrir húsaskipan. Þó má allavega sjá þrjú hólfið að norðanverðu.

Út úr NV - horni rústaþyrpingarinnar að norðan gengur garður um 15 m til vesturs. Þá beygir hann til suðurs og er þar um 32 m langur. Í SV - horni þessa garðs er kartöflugarður

Garðveggurinn er 1,5 - 2 m breiður og 0,3 - 0,6 m hár. Hlið hefur verið á honum um 15 m suður af NV - horni hans.

Sunnan við núverandi íbúðarhús gætu leynst fornleifar, þó ekki hafi verið hægt að greina þær við vettvangskonun.

Utan við svæðið að austan varð vart fornleifa (ekki skráðar nú). Einnig er gata sem legið hefur frá bænum til austurs að Kirkjuvík.

Hákots er getið í Jarðabók árið 1703 (Jarðabók 1923-1924:115-116).

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Fuji FinePix 7000

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna þarf að leita leyfis Fornleifaverndar ríkisins til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja.

Fornleifaskrá

Aðalnr.

139

Sýsla

Gullbringusýsla

Sveitarfélag

Reykjanesbær

Tákntala

2200

Landareign

Innri Njarðvík

Nr

Heiti

Undirnr.

2

Staðfræðikort

GPS Staðsetning

N 63°58.53.3 W 22°30.51.7

Viðmiðun

WGS 84

M.y. sjó

Skekkja

5

Tegund minja

Rúst

Tilgáta/Niðurstaða

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Merkja?

Byggingar

Mikil

Lélegt

1900-

Moldarhaugar

Talsverð

Nei

Skrásetjari

Dags.

Varðveislugildi

Minjagildi

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Bjarni F. Einarsson

22.09.2006

Ekkert

Ekkert

Nei

Nei

Lega og staðhættir

Um 50 - 60 m NV af Há koti og um 15 m norður af NV - horni túngarðsins þar. 15 m suður af sjávarkambi.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Rúst.

4 x 6 m (A - V). Veggir úr grjóti og torfi, um 1 m breiðir og 0,1 - 0,6 m háir.

Rústin er afar ógreinileg í forminu og ekkert hægt að segja um það frekar.

Hún er illa farin og í henni eru viðarleifar og plast.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Fuju FinePix 7000

Athugasemdir

Sé aldurgreining rústarinnar rétt þarf engra mótvægisáðgerða við þó ekki sé hægt að tryggja öryggi hennar.